



NÍELS HAFSTEIN SKRIFAR UM MYNDLIST

Félag íslenskra myndlistarmanna hefur tekið upp þráðinn frá því í vor, er það hélt viðamikla sýningu á Borgarsjúkrahúsinu, og hefur nú hengt upp verk á 12 vinnustöðum í Reykjavík, auk þess sem hin árlega haustsýning stendur yfir í Norræna húsinu. En athygli vekur hve margir félagsmenn standa utan við þessi umsvif, — og hafa reyndar verið lengi óvirkir í starfi. Mætti spyrja í því sambandi um muninn á þessu tvennu:

1. Félagsmanni sem sýnir ekki á vegum FÍM.

2. Utanfélagsmanni sem hefur sýnt á vegum FÍM í mörg ár.

Hvaða réttinda nýtur sá fyrri umfram hinn? Er hann hinn trausti grunnur félagsins? Er utanfélagsmaðurinn aðeins heppileg uppfylling þegar hinn er í fýlu? Þessar spurningar og margar fleiri vakna af gefnu tilfinni. Myndlistarmenn sem standa utan FÍM teljast vera um 150, margir af þeim eru þó í mynd-

mætti sinum stuðlaði að einu allsherjarsambandi myndlistarmanna.


Hér verður ekki fjallað um sýningar FÍM á vinnustöðum heldur eingöngu þau verk sem eru í Norræna húsinu.

Höggmyndir

Þorbjörg Pálsdóttir hefur um nokkurt skeið unnið verk sín í gerviefnið Polyester, og er það við hæfi myndhugsunar hennar, sérstaklega verður hrá áferð efnisins sláandi sterkt mótvægi við óharðnaðar fyrirmyndir eins og börn, og minnir um margt á hörmungarnar í Vietnam. Listakonan forðast að lita verk sín og mýkja, þau eru hrjúf og umkomulaus.

Sigurjón Ólafsson á eitt verk á sýningunni, finlega unna viðarmynd með stöku messingformi, sem þó bætir engu við heildarform verksins, hefði kannski gert það endurtekið á öðrum stað.

Hallsteinn Sigurðsson hefur



Börn eftir Þorbjörgu Pálsdóttur

HAUSTSÝNING FÍM

listarfélögum eða óformlegum hópum: SUM, Grafikfélaginu, Myndhöggvarafélaginu, OUT-PUT, Textillistarfélaginu o.fl. Ef myndlistarmenn láta sig félagsmál eitthvað skipta og hafa hug á því að njóta þeirra forréttinda sem FÍM býður uppá (kosningu til Listasafnsins, listamannalaun sem meðlimir í BIL o.s.frv.), þá sýnist næsta skrefið það að demba sér saman í „starfsmannafélag“ sem með áhrifa-

ekki erindi sem erfiði með svifmynd sinni, — hún er of þung, spennulaus formin í henni og í gólfmyndinni eru undirstrikuð með gráum hversdagslegum lit.

Guðmundur Benediktsson á tvo eirskúlpturna á sýningunni, eru þeir traustir og sannfærandi í formi. Litur logsuðunnar á verkunum truflar nokkuð útfærsluna, — er ekki úr vegi að minnast á þær fjölmörgu aðferðir við sýningu sem framkalla finleg og mjúk til-

brigði í gulu, brúnu, rauðu og grænu (ekki spanskrænu).

Vefnaður

Barbara Arnason á hér skrautlegt teppi í gulum og svörtum flötum, með finlegri munstur-skreyingu. Teppið er fullflókið í uppbyggingu, myndmálið ekki nógu einfalt, t.d. notar listakonan bein í uppistöðunni.

Asgerður Búadóttir á tvö glæsigleg verk á sýningunni, eru þau í mildum litum og með þeirri fingerðu þráðalyftingu sem léttir þau.

Glermyndir

Leifur Breiðfjörð er ennþá eini myndlistarmaður Íslands sem vinnur í gler, og verður því að búa við enga samkeppni, er trúlegt að sú aðstaða birtist nokkuð í hans verkum. Formskynið er á reiki, hið persónulega í myndhugsuninni er veikburða, hinir augljósu möguleikar ljóssins til fegurunar, skreytigildi gagnsærra flata og línu og endurspeglunin yfirgnæfir og ræður ferðinni að miklu leyti. Á einkasýningu Leifs í Norræna húsinu í vor hékk utandyra verk sem lofaði breytingu frá fleti yfir í þrívíðan skúlptúr, möguleiki sem gæti orðið hvati á skúlptúrframleiðslu landsmanna. Hér má nefna sem dæmi að slíka gagnsæja skúlptúra má auðveldlega búa til úr Araldit, Epoxy og fleiri efnum. Fljótandi, glærum, alla-vega lituðum vökvum er helld í mót og þeir látnir harðna í þunnum lögum, slíðan má forma uppá nýtt, mýkja efnið með tilteknum aðferðum, saga það til o.s.frv.

Blönduð tækni

Magnús Kjartansson hefur nú skipt yfir um frá máluðum myndum í klippimyndir, eru þær unnar af öryggi og næmu litaskyni og er línan sem fyrr nokkurt rannsóknarefni hjá honum, t.d. hin hlykkj-ötta lína í ruddalega rifnum pappir.

Jónas Guðvarðsson á eitt verk á sýningunni, unnið í efni sem ókleift er að átta sig á hvað er. Myndhugsun hans er óljós.

Teikningar og grafit

Vígfus Heiðar Guðmundsson á hér tæknilega vel gerðar myndir,

hann nýtir möguleika hinna gráu tóna móti svörtum, munstur-áferð kritarmynda hans virðist henta vel til skreytinga í bókum.

Steingrímur Kristmundsson á nýstárlegasta verkið á sýningunni, niðurröðun þekkjanlegra hluta í einfaldri og raunsærri teikningu. Verður fróðlegt að fylgjast með hvernig listamaðurinn vinnur úr áhrifum Pieters Holstein, gæti það orðið erfitt vegna hins hreina og tæra sem nú þegar býr í útfærslunni.

Jón Reykdal sýnir áfram myndir úr flokki sínum „Tími andófsins“, en eitthvað eru lausnir hans orðnar útvarnaðar og stefnureikandi, hinn pólitíski slagkraftur er máttlaus og nálgast ört fyrirhafnarlitið dútl á fletinum.

Haraldur Guðbergsson sýnir hér mun meiri tilþrif heldur en í myndasögum sínum, nr. 71 er gott dæmi um formmyndun án hvassrar og afgerandi útlinu, gráir litir blyantsins deyfa en lyfta upp um leið.

Arnar Herbertsson malar með þekjulitum á blyantsteikningu, myndmál hans er að breytast frá hvassri krufningu í formfræði, má vera að sú vinnugerð sé upphaf að einhverju stærra.

Vatnslitir og pastel

Sigurþór Jakobsson leikur sér með einfalt form, stefnir saman tveim höfuðlitum á einfaldan máta, en lítur sannfærandi.

Sigurður Thoroddsen á tvær myndir á sýningunni, önnur er væmin og rómantísk, hin er nýstárleg að því leytinu að málariinn vekur upp vindinn í myndgerð þessari líkri.

Kristján Jón Guðnason á hér vatnslitamynd í skærum litum, þar sem uppleystir jaðrar mýkja hringform, án þess að áherslur þeirra hverfi.

Jónas Guðmundsson er maður mikillar tækni (uppþurrkunar, Acentons, sprautu o.fl.), en lætur tæknina ná yfirhendinni, sköpunin vikur fyrir tilviljunarkenndum lausnum, litirnir eru einhæfir.

Jóhanna Bogadóttir nær bestum árangri í oliukritarmynd sinni, þar sem sterkleg, blá figúra hverfur inni myndflötinn, aflíðandi frá blóðrauðum dropum í forgrunninum.

Hjörleifur Sigurðsson vatnslitar á handunninn pappir, penslar með stórum stökum svo útfærslan verður áreynslulaus og frjáls.

Bragi Hannesson sýnir vel unnar vatnslitamyndir í finum blæbrigðum.

Málverk

Örn Ingi á eitt verk á sýningunni, nærmynd af hrauni og mosa í gulbrúnum litum. Nokkuð vantar á að skoðandinn sannfærast um gildi listarinnar í verkinu.

Örlygur Sigurðsson heldur sig á hefðbundnum miðum sem allur fiskur er genginn úr. Mikil lyti eru að skeggi listamannsins í signatúrnum.

Þorbjörg Höskuldsdóttir teflir fram andstæðum hvassra horna og mjúkra sveigðra lína, í mynd nr. 48 flæðir grár litur inná áhrifasvæði brúnna og blárra tigulforma. Kenna má dálitillar þreytu í myndhugsuninni.

Vilhjálmur Bergsson er án efa kominn að leidarlokum, skreytigildið hefur náð yfirhendinni.

Valtýr Pétursson malar tvö risandi form í mikilli birtu og undirstrikar þau með sveigðum, breiðum stökum. Myndir hans gefa vissa stemmningu í endurteknunni.

Sævar Danielsson malar óhugnanleg kvikindi af kunnáttu og leikni, myndir hans eru þrúgandi í litum og sannfærandi.

Sólveig Helga Jónsdóttir undirstrikar rauð, blá og hvít form sín með svartri útlinu, sem heftir ekki frjálsræði þeirra.

Sigurður Örlygsson á tvær myndir á sýningunni, nr. 40 er athyglisverð fyrir þann gráa (auða) flöt sem orkar andstæður endurteknum formunum. Einnig er hnýsilegt að sjá hvernig listamaðurinn skilur við mynd nr. 39, en þar er flatarfylling litarins skyndilega rofin.


Sigríður Björnsdóttir sýnir tvö verk sem myndu sóma sér betur í einhverri „málverkaversluninni“.

Ragnheiður Jónsdóttir Ream skipuleggur myndir sínar mjög rökivist, þverlinur og skálinur tengja saman efni og lit. Athyglisvert er að skoða sam tengingu landslags abstraktsins og uppstillingarinnar.

Óli G. Jóhannsson gerir tilraun með flatarsýn af þekkjanlegum hlutum, drapplit og svört mynd hans er finleg skreyting án áherslupunkts.

Kjartan Guðjónsson notar stríða liti í myndum sínum, sem minna á ósamsetta púslu, formin dragast til á fletinum án þess að ljóst sé hvers vegna. Endurteknung litaskalans er dálítið hvítleið.

Kjartan Asmundson á eitt verk á sýningunni, byggt á fjarvið og dökkum litum, einmanalegur kötturinn í forgrunni verksins er



Tíminn græðir sárin eftir Bjarna R. Haraldsson

viðvaningslega málaður, og er ekki sú skarpa andstæða myrkursins að baki sem kannski er ætlast til.

Jóhannes Geir Jónsson færir út kviarnar með endurnýjuðum þrótti. Mynd nr. 30 er í undarlega glóandi litbrigðum og ljósum sem ganga inni dökkvann.

Hrólfur Sigurðsson er með sterklega formaða mynd í hvellum litum, þar sem hann slengir saman andstæðum forma og lita.

Hringur Jóhannesson er langt frá sinu besta á þessari sýningu, tvö af þrem verkum hans eru varla sýningarhæf vegna lítills tilfænis og myndhugsunar.

Helgi Vilberg notar of mikið við myndir sínar, viðfæmi náttúrunnar í andstöðu við tilbúna hluti verður að túlka á skarpri hátt í litanotkun og stærðarhlutföllum, táknmálið er einnig óljóst þótt merkja megi tilfinningu fyrir tíma. Ahrif René Magritte virðast ekki hafa orðið til góðs.


Eyborg Guðmundsdóttir teflir fram lóðréttum eða láréttum línunum gegn tveim höfuð-frumformunum, ferningi og hring. Lausnir hennar eru þó hvergi nógu markvissar, andstæðurnar ekki nógu skarpar.

Einar Þorláksson nær bestum árangri þar sem ákveðið form heftir tilviljunarkenndan leik litaflekkja á fletinum, myndir hans eru þægilegar fyrir augað en lítið meir.

Einar G. Baldvinsson hefur styrkt litaskala sinn með skærum tönnum, en myndefnið er það sama, og sýnist seint fullnýtt.

Brynhildur Ósk Gísladóttir malar í tveim litum, brúnu og bláu í mismunandi styrkleik, og tengir saman land og fólk á hugðanæman en tilþrífalitinn máta.

Björg Þorsteinsdóttir heldur sig við höndina. Myndrænir þættir listarinnar skyggja á frásögnina, litaspilið er sérkennilegt, en bragðlaust.



Frá sýningunni í Norræna húsinu.

Hafsteinn Austmann malar í útjöskuðum stíl, það er búið að gernýta þetta myndmál óákveðinna forma með dökkri útlinuteiknun og endurformun.

Gunnar Örn Gunnarsson virðist loksins fjarlægjast eitthvað stils-máta Francis Bacon, andlits-myndirnar eru þó ekki enn markaðar þeirri persónulegu tjáningu sem þær krefjast.

Gunnar I. Guðjónsson á hér hressilega mynd úr þekktu umhverfi annarra málara.

Gísli Sigurðsson minnir um margt á Gunnlaug Scheving, þó er myndbygging hans ofin persónulegum þáttum, áberandi ljósum flötum andstæðum dökkum grunni.


Eyjólfur Einarsson á hér tvö verk með óljósri myndhugsun, litirnir eru skærir og hráir en hæfa verkunum fullkomlega.

Bjarni Ragnar Haraldsson hittir í mark með mynd sinni. Með smálagfæringu á figurmálun nær hann meiri áhrifum.

Agúst Petersen malar brennivinsnef á Gylfa Gíslason, myndin er einföld og sterklega upp byggð.

Þessi upptalning á kostum og göllum listaverkanna segja að sjálfsgöðu litid um viðkomandi, nýliðarnir eiga í mesta lagi tvö verk á sýningunni, flestir aðeins eitt, og er lítið hægt að meta framlag þeirra í svo þröngum ramma. Einnig er ljóst að þeir myndlistarmenn sem nýverið hafa haldið einkasýningar eru vart komnir fram með nýjungar, og eru bara hér af gömlum vana.

Sýning FIM er að þessu sinni betri en oft áður, jafnari og fyllri, en þó íhaldssöm eins og eðlilegt er. Á hana vantar nokkur nöfn sem lofuðu góðu í fyrra.



O P A L h/f Sælgætisgerð
Skipholti 29 – SÍMI 24466

Farseðill, sem vekur fögnuð erlendis

Í desember bjóðum við sérstök jóla-fargjöld frá útlöndum til Íslands. Þessi jólafargjöld, sem eru 30% lægri en venjulega, gera fleirum kleift að komast heim til Íslands um jólin.

Ef þú átt ættingja eða vini erlendis, sem vilja halda jólin heima, þá bendum við þér á að farseðill heim til Íslands er kærkomin gjöf. Slikur farseðill vekur sannarlega fögnuð.



FLUGFÉLAG LOFTLEIÐIR ÍSLANDS

Félög með fastar áætlunarferðir

